



EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðunarstaður Breiðdalshrepps á Heydalamelum

Dagsetning

Fyrirtæki Breiðdalshreppur
urðunarstaður á Heydalamelum

Heimilisfang Ásvegi 32
760 Breiðdalsvík

Kennitala 480169-0779

Ísat nr.

Starfsemi sorpurðun

Fulltrúi HAUST f.h. UST:

Hákon Hansson

Starfsleyfi, gildir til 1. 7. 2018

Tegund eftirlits Reglubundið

Fulltrúar fyrirtækis Páll Baldursson

Staðsetning starfstöðvar (hnit):

64.48.30.15 N 14.09,48.90 W

Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfi fyrir starfseminu og fer með beitingu þvingunarúrræða en hefur falið HAUST að viðhafa eftirlit með starfseminni með sérstökum samningi þar um.



**Mynd tekin 25. 9. 2011
Gryfja fyrir úrgang**

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í þrjár eftirlitsferðir á árinu, 24. maí, 14. júní og 25. september.

Í byrjun árs 2009 veitti Umhverfisráðuneyti undanþágu til að urða sopp frá Fljótsdalshéraði, Seyðisfirði og Fljótsdal, allt að 2.500 tonn. Sú urðun hófst í mars 2009, en lauk í ágúst 2010, en þá höfðu verið urðuð 2.297 tonn af ofangreindu svæði.

Í fyrstu eftirlitsferð voru gerðar tvær athugasemdir:

1. Athugasemd um að talsvert beri á foki í nágrenni urðunarsvæðis, gerð krafa um að reglulega sé gengið um svæðið og fokefni tínd upp.
2. Lokið verði við girðingu umhverfis urðunarsvæðið.

Sveitarstjóri Breiðdalshrepps brást vel við og við eftirlit 14. 6. hafði rusl sem hafði fokið verið hreinsað upp og búið var að girða svæðið.

Farið var í eftirlit 25. september til að kanna frágang eftir að urðun fyrir Fljótsdalshérað lauk, og var frágangi að fullu lokið og engar athugasemdir gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, með breytingum og í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Í öll skiptin var allt urðunarsvæðið skoðað, auk þess var næsta umhverfi skoðað og athugð hvort bæri á foki eð. Myndir voru teknar í eftirlitsferðinni.

Girðingar voru lagaðar eftir athugasemdir við fyrsta eftirlit og eru nú í góðu lagi, og hlið er læst. Ekki arð vart við fugla á svæðinu, nema í fyrsta eftirliti, þá sáust nokkrir hrafnar.

Allt urðunarsvæðið er hulið með þykku lagi af jarðvegi, sem grafinn hefur verið upp á svæðinu og er mjög snyrtilegt.



Fok í nágrenni urðunarstaðar 24. 5.



Girðing frágengin 14. 6.

FRÁVIK ¹⁾ OG ATHUGASEMDIR ²⁾

Athugasemd 1:

Við eftirlit sl. vor bar of mikið á foki, en í tvö síðari skipti eftirlits voru engin sjáanleg merki um fok. Strax var brugðist við athugasemd þar um.

Athugasemd 2

Ekki liggja fyrir upplýsingar um að lið 3.2 í starfsleyfi sé fullnægt að öllu leyti. Mikilvægt er að hefja eftirlitsmælingar á árinu 2012.

Athugasemd 3:

Viðbragðsáætlun og neyðaráætlun sbr. liði 4.3 og 4.6 í starfsleyfi eru ekki aðgengilegar. Starfsleyfishafi er hvattur til að útbúa slíkar áætlanir ef þær eru ekki þegar fyrirliggjandi og senda afrit til HAUST fyrir 1.3. 2012

Önnur atriði:

Eftir að undanþága vegna urðunar af Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði lauk og eftir að flokkun úrgangs á Breiðdalsvík var komin í fast form er urðun á svæðinu áætluð 40 til 60 tonn á ársgrundvelli. Grafín er djúp hola og henni lokað með hlera (sjá mynd) og þar er úrgangi sturtað niður og gryfju síðan lokað og ný grafín þegar sú eldri fyllist. Mat heilbrigðisfulltrúa er að öll umgengni á svæðinu sé nú til fyrirmyndar.

27. 12. 2011
Virðingarfyllst,

Hákon Hansson
heilbrigðisfulltrúi